



Sigríður Katrín Sigurðardóttir fæddist á Stórólshvoli í Hvolhreppi, Rangárv.sýslu, 26. maí 1909, en fluttist stuttu síðar að Þinghól í Hvolhreppi með foreldrum sínum.

Foreldrar og systkini.



Jóhanna og Sigurður

Foreldrar hennar voru Jóhanna Jónsdóttir frá Götu í Hvolhreppi og Sigurður Sveinsson frá Efrahvoli í sömu sveit. Þjuggu þau alla sína búskapartíð að Þinghól.

Kata, eins og hún var alltaf kölluð af ættingjum og vinum, var elst af sex systkinum. Systkini Kötu voru :

Svanur Sveinn fæddur 25. ágúst 1910, dáinn 17. sept. 1910, 3 vikna gamall.

Ólafur Jón fæddur 21. nóv 1911, dáinn 20. janúar 1935, dó úr lungnabólgu 23 ára gamall.

Svanhvít Svava fædd 12. júlí 1914, dáin 1. okt 2006.

Einar fæddur 24. mars 1918, dáin 8. feb 1980.

Íngimundur fæddur 6. sep 1919 dáinn 1. des 1921, dó 2 ára úr barnaveiki.

Kata flyst til Vestmannaeyja

Kata flutti til Vestmannaeyja kringum 1930 þá rúmlega tvítug að aldri og réði sig í vist hjá Árna Johnsen, sem vinnukona. Kata kynntist lífsförunauti sínum í eyjum, Benóný Friðrikssyni (Binna í Gröf) Og fóru þau að búa saman upp úr því. Fyrst í Jónsborg við Heima-torg. Síðan í Stafnesi við Heiðarveg 31. Í kringum 1942 flytja þau svo í nýtt hús, sem að þau byggðu við Hásteinsveg 45, sem að þau nefndu Sóleyjahlíð og þjuggu þau þar til æviloka.



Binna í Gröf og Kata fyrir utan hús sitt, Sóleyjahlíð

Kata og Binni eignuðust 8 börn.



Elstur var **Sævar** fæddur 11.feb 1931 í Vestmannaeyjum. Sævar lést 15. jan 1982 á sjúkrahúsinu í Vestmannaeyjum. Jarðsettur í Vestmannaeyjum.



Jóna Sigríður fædd 3. sept 1935 í Jónsborg í Vestmannaeyjum. Jóna Sigríður lést 20 júlí 1984. Jarðsett í Keflavík.



Sjöfn Kolbrún fædd 15. apríl 1937 í Jónsborg í Vestmannaeyjum. Sjöfn Kolbrún er búsett í Vestmannaeyjum.



Oddný Jóhanna fædd 26. júlí 1939 í Jónsborg í Vestmannaeyjum. Oddný Jóhanna lést 28. júlí 1995. Jarðsett í Fljótshlíð.




Friðrik Gissur fæddur 14.nóv 1941 í Stafnesi við Heiðaveg 31 í Vestmannaeyjum. Friðrik Gissur er búsettur í Vestmannaeyjum.



Benóný fæddur 29.des 1947 að Hásteinsveg 45 í Vestmannaeyjum. Benóný er búsettur Vestmannaeyjum.



Sigurður Grétar fæddur 14.feb 1950 að Hásteinsveg 45 í Vestmannaeyjum. Sigurður Grétar er búsettur í Reykjavík .



Svanhildur Guðrún fædd 28.okt 1951 að Hásteinsveg 45 í Vestmannaeyjum. Svanhildur Guðrún er búsett í Keflavík.

Katrín Sigurðardóttir lést 28. júní 1979.

